

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, staðgreinireitur 4.386.602.

Samkvæmt ósk Borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 10. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964. Jafnframt hefur þetta í för með sér breytingu á staðfestu deiliskipulagi fyrir Suður-Selás sem er dagsett 14. desember 1984 og breytt var 10. október 1990.

Breytt er landnotkun á staðgreinireit 4.386.602 úr íbúðasvæði í stofnanasvæði.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að taka að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisstjórnuneytið, 4. ágúst 1992.

F. h. r.

Pórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um umferð í Vallahreppi.

Samkvæmt heimild í 81. og 85. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, tillögu hreppsnefndar Vallahrepps og samþykki Vegagerðar ríkisins, hefur verið ákveðið:

1. Að hámarkshraði við þéttbýlið á Hallormsstað, nánar tiltekið frá Staðará inn fyrir afleggjara í Mörk, verði 50 km/klst.
2. Að biðskylda verði við Fjósakamb gagnvart Upphéraðsvegi nr. 931.
3. Að biðskylda verði á afleggjaranum í Mörkina gagnvart Upphéraðsvegi nr. 931.

Auglýsing þessi tekur gildi 15. ágúst 1992.

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, 5. ágúst 1992.

Helgi Jensson, settur.